

Nd.

777. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík,

Háttv. efri deild hefir gert þær breytingar á frumv. að legkaup er lækkað úr 5 kr. og kr. 2,50 niður í 4 kr. og 2 kr. og er lægra gjaldið látið ná til barna yngri en 2 ára. Þá hefir hún og bætt inn í frumv. ákvæðum um þann tíma, er legkaupið gildir fyrir.

Nefndin vill ekki gera þessar breytingar að ágreiningsefni, en þykir rjettara að lagfæra á tveimur stöðum orðalag frumvarpsins, sem henni þykir eigi svo ótvírætt sem skyldi.

Alþingi 5. september 1915.

Jón Magnússon,
form.
Hjörtur Snorrason.

Guðm. Hannesson,
ritari.
Þórariinn Benediktsson.

Matth. Ólafsson.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumv. til laga um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

2. gr.

Orðin »til viðbótar kirkjugarðinum« falli burt.

3. gr.

Í stað orðanna »í kirkjugarði Reykjavíkur« komi:
í kirkjugörðum Reykjavíkur.